

Reykjavík 8. apríl 2013

Niðurstaða heildarathugunar hjá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt heildarathugun hjá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja með vísan til 44. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Athugunin fór fram með gagnaöflun og heimsókn á starfsstöð lífeyrissjóðsins hinn 3. október 2012. Athugunin miðaðist við stöðu eigna hinn 30. júní 2012. Í kjölfar athugunarinnar ritaði Fjármálaeftirlitið skýrslu þar sem fram komu athugasemdir og ábendingar eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skal vera lokið innan nánar tiltekinnna tímamarka. Drög að skýrslunni voru afhent lífeyrissjóðnum hinn 5. desember 2012 og honum gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og frekari upplýsingum á framfæri. Í endanlegri útgáfu skýrslunnar, hinn 4. mars 2013, var tekið tillit til athugasemda lífeyrissjóðsins eftir því sem tilefni þótti til.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn sjóðsins að hún fæli innri endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hefði verið til viðeigandi ráðstafana vegna athugasemda og ábendinga sem vikið er að í skýrslunni. Greinargerð innri endurskoðanda skal berast Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 1. júní 2013.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðast þær við stöðu mála á þeim tíma þegar athugunin fór fram. Á grundvelli 9. gr. a í lögum nr. 87/1998 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum. Fjármálaeftirlitið mun birta nýja gagnsæistilkynningu á heimasíðu sinni þegar skýrsla innri endurskoðanda lífeyrissjóðsins um úrbætur liggur fyrir.

Helstu athugasemdir sem Fjármálaeftirlitið gerði við starfsemi sjóðsins voru eftirfarandi:

Heimildir til fjárfestingaákvæðana

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við ósamræmi á milli starfsreglna sjóðsins og samþykktar varðandi fjárfestingarheimildir.

Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti stjórnar og starfsmanna

Gerð var athugasemd við að sjóðurinn fylgdi ekki eigin verklagsreglum um verðbréfavíðskipti og ítrekuð var nauðsyn þess að haldin væri skrá hjá sjóðnum vegna tilkynningarskyldra víðskipta stjórnar- og starfsmanna. Þá var einnig farið fram á að skýrar væri kveðið á um í reglunum að þær tækju einnig til stjórnarmanna sjóðsins.

Skýrslur um sundurliðun fjárfestinga til Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið gerði í þremur tilvikum athugasemdir við að sjóðurinn flokkaði óskráð verðbréf sem skráð. Einnig gætti lífeyrissjóðurinn þess ekki að horfa í gegnum verðbréfa- og

fjárfestingarsjóði eins og lög mæla fyrir um. Þá voru hlutdeildarskírteini, samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997, að fullu færð sem hlutabréf en einn af undirliggjandi sjóðum fjárfestir einnig í ríkistryggðum verðbréfum. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að sjóðurinn hefði farið yfir leyfilegt hámark fjárfestingar í sjóðum sem lúta ekki opinberu eftirliti.

Eignastýringasamningur

Gerð var athugasemd við ákvæði í útivistunarsamningi við eignastýringaraðila. Fjármálaeftirlitið taldi ákvæðið ekki samræmast 10. tl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 um afleiður og var þess krafist að samningurinn yrði endurskoðaður og ákvæðið tekið úr samningnum eða að skýrt yrði á um það kveðið að fyrrnefnt ákvæði einskorðaðist við afleiður sem uppfylltu hugtaksskilyrði verðbréfa í skilningi 9. tl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 og a lið 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.